

11.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 22.október 2025. Vegna ófærðar er fundurinn haldinn í fjarfundi og hefst kl. 14:00.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins;

1. Bréf frá HMS varðandi eignamörk fasteigna/jarða.
2. Póstur frá ÖBÍ lagt fram til kynningar og umræðu.
3. Tölvupóstur frá Sambandinu varðandi niðurgreiðslu á rafmagni.
4. Drög að breytingum á sveitarstjórnarlögum, innsendar athugasemdir.
5. Bréf frá stjórn Verzlunarfjelags Árneshrepps til hreppsnefndar.
6. Komandi fjárhagsáætlun fyrir næstu ár og fleira.
7. Póstur frá Sambandinu varðandi breytt byggingareftirlit, væntanlegur kostnaður vegna byggingarfulltrúa fyrir árið 2026.

1.Bréf frá HMS varðandi eignamörk fasteigna/jarða. Mikilvægt er að skila athugasemdum, sérstaklega ef skekkjur koma fram. Bændur og jarðeigendur eru hvattir til þess að skoða málið.

2.Póstur frá ÖBÍ lagt fram til kynningar og umræðu. Hreppsnefnd ræddi málið og oddviti mun senda svör til bandalagsins.

3.Tölvupóstur frá Sambandiinu varðandi niðurgreiðslu á rafmagni. Athuga þarf hvort félagsheimilið er með niðurgreiðslu á rafmagnsverði og ennfremur að vekja athygli á því við Björgunarsveit og sóknarnefnd að skoða málin hjá sér.

4.Drög að breytingum á sveitarstjórnarlögum, innsendar athugasemdir. Aðeins var farið yfir málið og gerður góður rómur að.

5.Bréf frá stjórn Verzlunarfjelags Árneshrepps til hreppsnefndar. Ákveðið var að fá Jón lögfræðing sveitarfélagsins til þess að útbúa samning á milli stjórnar Verzlunarfjelagsins og hreppsnefndar. Ákveðið var að nota landflutningsstyrkinn frá Vegagerðinni til þess að greiða fyrir vöruflutninga í verslunina. Ákveðið var að tala aftur við pípara vegna lélegs rennslis í eldhúsi og á efri hæðum.

6. Komandi fjárhagsáætlun fyrir næstu ár og fleira. Hreppsnefndarmenn munu hugsa málið varðandi hvað þarf að setja inn í fjárhagsáætlun. Enn var rætt um sorphirðumál, járnagámar eru fullir. Athuga hvað hægt er að gera varðandi ástandið við höfnina, hvort hægt sé að ráða einhvern til eftirlits og ganga frá samningi við eigendur svæðisins.

7. Póstur frá Sambandinu varðandi breytt byggingareftirlit, væntanlegur kostnaður vegna byggingarfulltrúa fyrir árið 2026. Málið var rætt og varaoddviti ætlar skoða málið betur.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.15:25.